

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á málþingi til heiðurs
Vilmundi Guðnasyni, forstöðulækni Hjartaverndar og prófessors við HÍ. Haldið
í sal Læknafélags Íslands, Hlíðarsmára 8, Kópavogi, föstudaginn 2. febrúar
2024 kl. 16.00**

Kæri Vilmundur, góðir gestir.

Mig langar að nota þær fáu mínútur sem ég hef hér til umráða til að beina sjónum að vísindamanninum Vilmundi Guðnasyni. Vitaskuld get ég aðeins stiklað á stóru, enda er ómögulegt að gera svo löngum og glæsilegum vísindaferli viðhlítandi skil í fáum orðum.

Vilmundur lauk námi í læknisfræði við Háskóla Íslands árið 1985 og doktorsprófi í sameindaerfðafræði við University College London 1995. Hann hefur starfað sem forstöðulæknir Hjartaverndar í meira en tvo áratugi og jafnframt verið prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands á sviði hjarta- og æðasjúkdóma. Einnig hefur Vilmundur verið gestavísindamaður við Centre for Cardiovascular Genetics við Royal Free and University College í London og hjá Institute of Public Health við Háskólann í Cambridge. Sérsvið Vilmundar hefur einkum verið á sviði faraldsfræði og erfðafaraldsfræði.

Kæru málþingsgestir. Ævistarf Vilmundar Guðnasonar hefur ekki aðeins stuðlað að framgangi vísindanna heldur hefur manninum Vilmundi einnig hlotnast margvíslegur og verðskuldaður heiður. Í því sambandi má nefna að hann fékk heiðursverðlaun úr Verðlaunasjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright og minningarverðlaun Nikkilä Scandinavian Society for Atherosclerosis, auk þess sem Vilmundur var nú á nýársdag sæmdur heiðursmerki hinnar íslensku

Fálkaorðu fyrir framlag til rannsókna og forvarna á sviði hjarta- og æðasjúkdóma.